

REGLUR

um breytingu á reglum nr. 160/1986 um þátttöku ríkisins í kostnaði vegna hjálpartækja fyrir heyrnarskerta, með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. orðist svo:

Ríkissjóður greiðir nauðsynleg heyrnartæki, sem hér segir:

- | | |
|--|------|
| 1. Fyrir börn og unglunga til loka skólaskyldu | 100% |
| 2. Fyrir 18 ára og eldri
en þó aldrei hærri upphæð en sem nemur kr. 14 000. | 60% |
| 3. Fyrir þá, sem nota þurfa tvö tæki samtímis og eru 18 ára og eldri
en þó aldrei hærri upphæð en sem nemur kr. 28 000. | 70% |

Stjórn Heyrnar- og talmeinastöðvar Íslands er heimilt að fenginni rökstuddri umsókn að auka þátttöku ríkissjóðs skv. 2. og 3. gr. í 80%, sé um að ræða verulega heyrnarskerðingu að mati yfiræknis stöðvarinnar.

2. gr.

Ofangreindar reglur, sem öðlast gildi frá og með 1. júlí 1988, eru settar með stöð í 5. gr. laga nr. 35/1980 um Heyrnar- og talmeinastöð Íslands að fengnum tillögum stjórnar stöðvarinnar.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 2. júní 1988.

Guðmundur Bjarnason.

Ingimar Sigurðsson.

REGLUGERÐ

um bann við netaveiðum fiskiskipa 1. júlí — 15. ágúst 1988.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. júlí 1988 til og með 15. ágúst 1988 eru allar þorsfisknetaveiðar bannaðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 8. júní 1988.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Þórður Eyþórsson.